

GAMLA MYNDIN



„Við vorum þarna fimm til sex félagar sem ætluðum að fara í Þórsmörk en enduðum á stúku-móti á Jaðri. Ég var valinn úr hópi stráka í óopinbera fegurðarsamkeppni. Þarna löbbaðum við eins og fifl og þurftum að lesa upp ljóð. Þetta var einn af þessum hápunktum í mínu lífi.“

Hermann Gunnarsson fjölmiðlamaður.

Myndin er tekin árið 1962.

Hafrún vinnur fyrir Henrik Vibskov

Hafrún Alda Karlsdóttir er fastráðin hjá danska hönnuðinum Henrik Vibskov, sem hefur notið mikilla vinsælda hér á landi og um heim allan á undanförunum árum. Hún starfar við markaðssetningu hjá Vibskov og ferðast stórborga á milli í þeim erindum. „Ég er að aðstoða manninn sem sér um söluina fyrir merkið. Við förum út um allt, til London,

VINSÆLL Fatnaður Henriks Vibskov hefur notið mikilla vinsælda bæði hér á landi og utan landsteinanna á undanförunum árum.



París og New York, og setjum upp „showroom“ með fötunum. Svo tek ég á móti kaupendum sem koma frá búðunum til að versla,“ útskýrði Hafrún.

Hafrún var verslunarstjóri í Spúútník áður en hún fluttist af landi brott og hefur því reynslu af tískuheiminum. „Ég hef verið meira og minna í þessu síðan ég var átján ára að vinna í Morgan,“ sagði Hafrún, sem fluttist til Kaupmannahafnar í júní á þessu ári, eftir að hafa dvalist í París í ár. „Ég ætlaði að fara að læra frönsku, en endaði síðan á því að vera að kaupa inn fyrir Spúútník,“ sagði hún og hló við. Kærasta Hafrúnar leist ekki á að búa í París og því varð

Kaupmannahöfn fyrir valinu.

„Ég var búin að vinna í „second-hand“-búðum svo lengi að ég ákvað að reyna að fara í eitthvað nýtt, yfir í aðeins meiri tísku. Ég skelkti inn umsókn hjá Henrik Vibskov og mér var boðið að koma í svona „intern“-stöðu í þrjá mánuði. Svo var ég ráðin í framhaldinu,“ útskýrði Hafrún, sem er að vonum ánægð með nýju vinnuna. „Þetta er mjög fjölbreytt starf og ég fæ að ferðast mikið, sem er alveg frábært,“ sagði hún.

- sun

SKEMMTILEGT STARF Hafrún Alda Karlsdóttir starfar hjá hönnuðinum Henrik Vibskov í Danmörku. Hún ferðast stórborga á milli og selur hönnun hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. gáski 6. klafi 8. arinn 9. titill 11. rás 12. heiti 14. venjur 16. berist til 17. líða vel 18. utan 20. tveir eins 21. málmhúða.

LÓDRÉTT

1. himinn 3. í röð 4. eftirlíking 5. landspíla 7. trúarbrögð 10. erlendis 13. svelt 15. pottréttur 16. nag 19. ónefndur.

LAUSN

ragú, 16. bit, 19. nn.
5. lóð, 7. kristni, 10. úti, 13. íou, 15. lóðrætt: 1. loft, 3. rs, 4. stæling.

una, 18. inn, 20. gg, 21. tina.
11. að, 12. titill, 14. síðir, 16. bit, 17. lárætt: 2. ærsi, 6. ok, 8. stó, 9. frú.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Í Stykkishólmi
- 2 Valur
- 3 Jet Black Joe



visir.is
Fyrstur með fréttirnar

Takk!

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



BLÓMAMÁLVERK VINSÆL Málverk Eggerts Péturssonar, með íslensku blómin í aðalhlutverki, njóta mikilla vinsælda um þessar mundir eins og sannaðist á sýningu sem opnuð var í i8 um miðjan mánuðinn. Myndin er tekin árið 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

EGGERT PÉTURSSON: MIKIL EFTIRSPURN EFTIR BLÓMAMYNDUNUM

Seldi eitt hundrað myndir á einum degi

Eitt hundrað myndir eftir listmálarann Eggert Pétursson, sem mynda sýninguna 100 myndir í Gallerí i8, seldust upp á einum degi. Málverk Eggerts, þar sem flóra Íslands er í aðalhlutverki, hafa notið mikillar hylli, og langur biðlisti eftir verkum hans.

Börkur Arnarson, annar eiganda Gallerí i8 segir það ekki algennt að sýning seljist upp á einum degi. „Það hefur gerst, en það hafa verið sýningar með kannski einu eða tveimur verkum, þannig að það er kannski erfitt að bera það saman. Það er óvanalega þegar það er svona mikill fjöldi af myndum,“ sagði Börkur, sem vildi ekki gefa neitt upp um söluverðið, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þar um að ræða tugi milljóna, jafnvel allt að 80 milljónum króna. Þær tölur hafa þó ekki fengist staðfestar.

Eggert sjálfur segir það vart hafa komið á óvart að myndirnar hafi selst á fyrsta degi. „Þær voru eiginlega seldar fyrir, það voru svo margir búnir að vera að biða eftir myndum. Listinn var orðinn langur, og hann lengist nú bara ef eitthvað er,“ sagði hann. Eggert hefur áður sagt að hann komist ekki yfir að mála nema örfá verk á ári, enda bera málverk hans vitni um mikla nákvæmisvinnu.

„Ég hef verið að mála myndirnar alveg frá því um áramót, en öll undirbúningsvinna er búin að standa yfir lengi,“ útskýrði hann. „Þetta er samt eitthvað sem ég byrjaði á með því hugarfari að ég væri að mála tvö verk. Þannig gat ég það, eins og ég væri að gera tvær stórar myndir, og ekki hundrað. Annars hefði þetta verið algjörlega ófyrstíganlegt,“ sagði Eggert og hló við. Minnstu myndirnar á sýningunni

eru tólf sinnum tólf sentímetrar, en þær stærstu eru metri sinnum metri.

Eggert kvaðst aðspurður ekki vera orðinn moldríkur yfir nótt. „Ég veit varla hvað þetta er ennþá, ég er ekki farinn að reikna það saman.“

En ég hef nú frekar verið að halda verðinu niðri en hitt,“ sagði listmálarinn. Hann sagðist telja að minnstu myndirnar hefðu farið á um 100 þúsund krónur, en vísaði að öðru leyti á Gallerí i8. Börkur Arnarson vildi ekki tjá sig um tekjur vegna sýningarinnar.

Sýningin í Gallerí i8 stendur til 27. október. Undir lok hennar verður gefið út bókverk, með myndum af sýningunni í raunstærð. „Þeir sem ekki náðu í verk fá því kannski einhverja sárabót í bókinni,“ sagði Eggert kíminn.

sunna@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Rithöfundurinn **Stefán Máni**, sem í vikunni fékk Blóðdropann

- íslensku glæpa-sagnaverðlaunin. tjáði sig um lífið og tilveruna í DV í gær. Stefán var meðal annars spurður um hver væri eftirminnilegasta bók sem hann hefði lesið. Rithöfundurinn



var í ekki vandræðum með svarið, eftirminnilegasta bókin að hans mati var Kaldaljós eftir **Vigdísí Grímsdóttur**. „[Ég] tengdi mikið við hana,“ sagði Stefán Máni. Unnusta Stefáns heitir **Þórdís Filippdóttir** en svo skemmtilega vill til að hún er dóttir Vigdísar.

Páll Valsson, fyrrverandi útgáfustjóri hjá Eddu, hefur gengið til liðs við **Jóhann Pál Valdimarsson** og félagi á hinu endur-reista Forlagi og verður það að teljast talsverður fengur. Páll verður titlaður bókmenntaráðunautur útgáfunnar.

Endurbætur standa nú yfir á Apótekinu í Austurstræti en veitingamennirnir **Garðar Kjartansson** og **Gunnar Traustason** keyptu staðinn nýverið og hyggjast opna flottan skemmtistað í næsta mánuði. Mikið er lagt upp úr útliti staðarins og eru breytingarnar gerðar undir vöklu auga fagurkerans **Arnars Gauta Sverrissonar** sem hyggst fylgja þeim eftir frá upphafi til enda í sjónvarpsþættinum Innlit/útlit.

-hdm



Enginn afþakkar Mannaveiðar

„Þetta er mjög góður hópur. Það þýðir ekkert að gera svona nema bara með toppliði,“ segir Björn Brynjúlfur Björnsson, sem leikstýrir sjónvarpsþáttaröðinni Mannaveiðar sem verður sýnd hjá RÚV á næsta ári. Er hún byggð á bók Viktors Arnars Ingólfssonar, Aftureldingu, sem fjallar um rannsókn lög-reglu á morði á gæsaskyttu.

Fjöldi þekkra leikara hefur verið ráðinn til að leika í þáttunum, þar á meðal Hilmir Snær Guðnason, María Ellingsen, Próstur Leó Gunnarsson, Gunnar Eyjólfsson, Halla Vilhjálmisdóttir og Þórunn Lárusdóttir. Áður höfðu Gísli Örn Garðars-son og Ólafur Darri Ólafsson tekið

á sér aðalhlutverkin. „Það hefur enginn afþakkað boð um að taka þátt í þessu. Þarna er mjög mikið af skemmtilegum karakterum og þarna sjá leikararnir tækifæri til að búa til eftirminnilegar persónur. Sagan gerist á öllum stigum þjóð-félagsins, hjá ríkum og fátækum og í sveit og borg. Þessi saga er mikill samfélags-spegill og það finnst mér mjög skemmtilegt við hana,“ segir Björn.

Mannaveiðar er fyrsta leikna sjónvarpsþáttaröðin sem Björn leikstýrir en

áður hefur hann gert Sönn íslensk sakamál fyrir Ríkissjónvarpið. „Þetta er fyrsta skrefið hjá Sjónvarpinu því þar er mikill áhugi á að gera átak í því að búa til leikið íslenskt sjónvarpssefni,“ segir Björn.

Fyrsti samlesturinn fer fram í dag en tókur hefjast í næsta mánuði og fara þær fram víðs vegar um landið.

-fb

HILMIR SNÆR Afþakkaði ekki boð um að taka þátt.



MARÍA ELLINGSEN María hefur bæst við leikarahóp Mannaveiða.

BJÖRN BRYNJÚLFUR Mannaveiðar er fyrsta leikna sjónvarpsþáttaröðin sem Björn leikstýrir.

